



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Bt. Haraldar Birgis Haraldssonar
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 12. september 2016
1603052HS SHJ

Efni: Heysholt - Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Þann 3. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir endurskoðaðri umsögn embættisins um tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis í landi Heyholts í Rangárþingi ytra. Embættið veitti umsögn um ofangreinda tillögu að breytingum með bréfi sínu dags. 17. mars sl. en vegna breytinga á áherslum í greinargerð og umfangi áforma þarf að auglýsa tillöguna að nýju og því óskað eftir nýrri umsögn eða staðfestingu á að fyrri umsögn standi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að breytingu og gerir ekki frekari athugasemdir, enda hefur verið bætt í texta greinargerðar ítarlegri umfjöllun um fráveitu og bætt upplýsingar um fyrirkomulag vatnsveitu á deiliskipulagssvæðinu.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi